

Ed.

654. Nefndarálit

[26. mál]

um frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta hefur verið óhreyft í efri deild Alþingis frá því í desembermánuði 1965. Á kvöldfundi í gær var það tekið til 1. umræðu og rætt á fundi landbúnaðarnefndar í dag. Nefndin varð ekki sammála. Við undirritaðir nefndarmenn leggjum til, að frv. verði fellt, enda upplýst af landbúnaðarráðherra Ingólfi Jónssyni, að tilgangi þessa frv. sé náð, um leið og frv. það, sem fyrir Alþingi liggur um breytingar á framleiðsluráðslögunum, verði samþykkt.

Minna má á meginkjarna þessara brbl., en hann er í fyrsta lagi sá að svipta bændur samningsrétti um kaup sitt og kjör, þar sem Stéttarsamband bænda var útilokað frá samningsaðstöðu og hafði því engin áhrif á heildarkjör bændastéttarinnar á yfirstandandi verðlagsári.

Í öðru lagi er því slegið föstu í þessum bráðabirgðalögum, að verðlagsgrundvöllurinn, sem samið var um fyrir árið 1964—1965, væri sú undirstaða, sem mætti byggja á, án þess að taka tillit til breyttra þjóðfélagsaðstæðna, svo sem almennra verðhækkana og sölumöguleika á landbúnaðarafurðum, heldur áttu útreikningar Hagstofu Íslands að gilda eftir þar til settum reglum.

Þá er því í þriðja lagi slegið föstu í lögum þessum, að kaup bóndans og verkamanna hans megi ekki hækka hlutfallslega meira en elli- og örorkulífeyrisþegar kunna að fá samkvæmt heimild í lögum nr. 20 frá s. l. Alþingi, en ákvæðin um, að bændur skuli hafa sambærilegar tekjur og aðrar vinnandi stéttir, ekki látin gilda í framkvæmd.

Þá má og minna á það, að stjórn Stéttarsambands bænda mótmælti harðlega bráðabirgðalögum þessum.

Af framangreindu leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 29. apríl 1966.

Ásgeir Bjarnason,
frsm.

Páll Þorsteinsson.

Hjalti Haraldsson.